

**Nd.**

## **550. Nefndarálit**

um frumvarp til stjórnarskipunarlaganna um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá 1. minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Það er orðið svo áliðið þings, að ég tel óverjandi að draga lengur þinglega afgreiðslu stjórnarskrármálsins. Þar sem ekki hefir fengið enn svar um undirtektir nefndarmanna úr Framsóknarflokki á stjórnarfrumvarpinu, tel ég rétt að kljúfa nefndina og leggja málið fyrir þingið.

Það er sýnt af tillögum Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins og stjórnarfrumvarpinu, að ekkert útlit er fyrir, meðan flokkaskipting er svipuð því sem nú er á Alþingi, að tillögur Alþýðuflokksins um að landið allt verði eitt kjördæmi nái fram að ganga. Eftir atvikum tel ég þá lausn kjördæmamálsins betri en enga, að stjórnarfrumvarpið verði samþykkt, enda fáið sú breyting á frumvarpinu, að uppbótarpingsæti verði tekin af sjálfstæðum landslista hvers flokks, og greiði kjósandi atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista, en fjöldi uppbótarpingsæta hvers flokks fari eftir samanlagðri atkvæðatölu flokksins á landslista hans og atkvæðatölu frambjóðenda flokksins í kjördæmum, á móts við samskonar atkvæðatölu annara flokka. Nánari ákvæði kæmu í kosningalögum. Á þennan hátt mundu flokkarnir í landinu greinast betur og ná atkvæðum sínum, jafnvel þótt ekki væri boðið fram í kjördæmi.

Þá hefi ég borið fram tillögu um, að kosnir verði varaþingmenn bæði í kjördæmum og landskjörnum, sem sjálfsagt virðist.

Vil ég því leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

### **BREYTINGUM.**

Við 1. gr.

- a. Við staflið a. Síðari málsgr. falli burt.
- b. Stafliður c. hljóði svo:

Allt að 12 þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum á sérstökum landslistum til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem mestu samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er þingmannaefnum flokksins og landslista hans samtals við almennar kosningar, enda greiði kjósandi atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista.

- c. Á eftir staflið c. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Varaþingmenn skulu kosnir jafnmargir þingmönnum, samtímis og á sama hátt. Nú deyr þingmaður eða fer frá á kjörtímabilinu, og tekur þá varamaður sæti eftir sömu reglum.

Alþingi, 4. maí 1933.

Héðinn Valdimarsson.